

Into the glacier ehf.  
Klettagarðar 12  
104 Reykjavík

Reykjavík, 25. júlí 2019  
UST201907-063/P.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Geitland - uppsetning á salernisaðstöðu**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Into the glacier ehf., dagsett 7. júlí 2019, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins Geitland.

Geitland er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 283/1988. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Öll mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Til stendur að skipta út gámasalernum sem fyrir eru á svæðinu út fyrir varanleg þurrsalerni. Ráðgert er að salernin verði sett upp á áður röskuðu svæði. Staðsetning salernishús kemur fram á uppdrætti sem fylgdi umsókn. Fyrirhugað salernishús er með 8,6x3 metra grunnflót með 11,6x3 metra skriðkjallara. Salernin verða þrískipt: eitt salerni fyrir hreyfihamlaða, þrjú fyrir konur og eitt salerni og þrjár þvagskálar fyrir karlmenn. Inni á salernum verða ruslabiður fyrir gesti að losa sig við úrgang sem til fellur og ekki má fara í tunnurnar. Í skriðkjallara verða 330 lítra salernistunnur til að taka við fastaefni (saur og pappír). Stálgrindur eru í botninum á tunnunum til að aðskilja þvag frá fastefni. Frá botni tunnu liggur lögn þar sem þvag verður leitt til hreinsunar í siturbeði. Einnig er gert ráð fyrir vatnslausum þvagskálum fyrir karlkyns gesti til að minnka álag á salerniskerfið. Þvag verður leitt í siturbeð til hreinsunar á staðnum líkt og gert væri ef um rotþró hefði verið að ræða. Þar sem ekkert vatn er notað í salernin er vökvamagn umtalsvert minna en ef um vatnssalerni væri að ræða. Við frágang siturbeða verður unnið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir. Svæðið er utan vatnsverndarsvæða og gert ráð fyrir rotþró og siturbeði í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að fastefnið verði flutt út af svæðinu í viðurkennda móttökustöð fyrir seyru. Hæðarmunur í landi verður nýttur til að ekki þurfi að ganga upp tröppur og aðgengi því tryggt fyrir alla. Húsið verður flutt að mestu fullbúið inn á svæðið. Notkun vélknúina farartækja vegna framkvæmdarinnar og gerðar undistaða fyrir húsið verður bundin við vegi og athafnasvæðið Klaka. Ráðgert er að undirstöður fyrir húsið, aðstaða til að aðskilja fast og fljótandi efni og lagning sitursbeðs fari fram á áður röskuðu svæði innan athafnarsvæðis fyrirtækisins sbr. skipulagsuppdrætti. Gámasalerni sem fyrir eru á svæðinu verða fjarlægð þegar nýja húsið er komið upp. Að verkinu koma 4 manns og er ráðgert að framkvæmdinn taki 60-90 daga. Hafist verður handa um miðjan ágúst.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins. Framkvæmdin fer fram á áður röskuðu svæði. Framkvæmdaraðilar þurfa þó að gæta að því að þeir séu innan verndarsvæðis og gæta að góðri umgengi, komast hjá óþarfa raski og vanda vinnubrögð.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leytí Into the glacier ehf leyfi fyrir framkvæmdum vegna uppsetningu salernishús innan friðlandsins Geitlands sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu frá miðjum ágúst til október að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfallst



Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri



Linda Björk Hallgrímsdóttir

Linda Björk Hallgrímsdóttir  
sérfraeðingur